

## Skólaráðsfundur 25. nóvember 2019

Fundinn sátu: Ásta Hermannsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Helga Óskarsdóttir, Einarína Einarsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Emelía Björk Hjartardóttir, Reynir Bjarkan Róbertsson Barðdal, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Rætt um ályktun skólaráðs frá síðasta fundi og í hvaða farveg hún fór. Formaður fræðsluráðs veitti ályktuninni móttöku og koma að líta á aðstæður í skólanum með skólastjóra. Unnið er að fjárhagsáætlun skólans og Sveitarfélagsins þessa dagana og vonast er til að tekið verði vel í tillögur skólaráðs.

Skólanámskrá og starfsáætlun. Fulltrúar skólaráðs voru upplýstir um að starfsáætlun skólans og skólanámskrá væri hægt að nálgast á vef skólans og voru þeir beðnir um að kynna sér efni þeirra.

Pakkaskipti á stofujólum hafa verið hefð í skólanum til fjölda ára. Óskað var eftir afstöðu skólaráðs til þess hvort halda eigi pakkaskiptum á stofujólum áfram í bekkjunum. Hugmyndir hafa komið fram um að gefa andvirðið til góðgerðamála eða jafnvel í bekkjarsjóð í ljósi aukinnar umræðu um neylusamfélagið og umhverfismál. Lagt var til að taka umræðuna í hverjum bekk á mið- og unglíngastigi í byrjun desember og ákveða þetta á lýðræðislegan hátt með nemendum í hverjum árgangi. Fundarmönnum fannst ekki ástæða til að gera breytingar varðandi þessa hefð hjá yngstu nemendum.

Fram kom fyrirspurn um tímasetningu á fríi eftir árshátíð miðstigs miðað við unglíngastig. Vegna mismunandi tímasetninga eftir stigum þótti sú lausn sem var valin einföldust með tilliti til stundaskrár á miðstigi.

Foreldrafulltrúi kom fram með fyrirspurn um hvort skólinn sé tilbúinn til að taka þátt í, ásamt Leikfélagi Sauðárkróks, að senda áskorun á Sveitarfélagið um að fjárfesta í betri tæknibúnaði í félagsheimilið Bifröst. Það er auðsótt, enda skólinn þegar búinn að lenda í vandræðum með núverandi búnað.

Upplýst var um að 10. bekkingar ætla að sýna barnaleikritið Fjarskaland í mars. Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir hefur tekið að sér leikstjórn.

Ærslabelgurinn. Fyrirspurn kom frá nemendafulltrúa um af hverju ærslabelgurinn var ekki settur upp við skólann. Það var vissulega skoðað en ekki fannst pláss fyrir hann á lóð skólans.

Næsti fundur skólaráðs er fyrirhugaður mánudaginn 16. desember.